

## 1. Almenn

Skilmálar þessir gilda fyrir viðskiptavini í kerfisleigu á Websense vefsíu hjá Pekkingu hf., hér eftir nefnt þjónustusali.

## 2. Gjaldskrá og greiðsluskilmálar

Reikningar fyrir kerfisleigu skv. samningi þessum eru gefnir út samkvæmt tilboði til þjónustukaupa hverju sinni. Verðskrá fylgir verðbreytingum framleiðanda og gildandi gjaldmiðilsgengi Websense hugbúnaðarins. Þjónustusali gerir sérstakan reikning vegna þjónustuverka sem falla utan samnings þessa.

Verði vanskil á greiðslum af hálfu þjónustukaupa er þjónustusala heimilt að krefjast vanskilavaxta samkvæmt meðaltali dráttarvaxta banka og sparisjóða. Samningur þessi fellur sjálfkrafa úr gildi við gjaldþrot annars hvors samningsaðila.

## 3. Þjónustuverk og umsjón

Þjónustusali vinnur þjónustuverk sem ekki falla undir samninginn fyrir þjónustukaupa í tímavinnu samkvæmt nánara samkomulagi. Þjónustusali geymir gögn um vefumferð í hámark 3 mánuði, gögn sem eru eldri er eytt af búnaði þjónustusala.

## 4. Ábyrgð Þjónustusala

Þjónustusali ber ábyrgð á að öll þjónusta fyrirtækisins samræmist þessum samningi og fylgiskjólum hans. Ef þjónustusali er í vafa um framkvæmd einstakra atriða samningsins skal hafa samráð við tengilið þjónustukaupa. Þjónustusala er heimilt að fela undirverktaka að framkvæma einstaka þjónustuþætti samkvæmt samningi þessum að undagengnu samþykki þjónustukaupa. Slíkt leysir þjónustusala ekki undan skuldbindingum sínum skv. samningi þessum.

Bótaskylda þjónustusala á grundvelli ábyrgðar samkvæmt samningi þessum takmarkast við þær fjárhæðir sem þjónustukaupi hefur greitt til þjónustusala síðustu 12 mánuði af gildistíma samningsins að undanþegnum stofnkostnaði.

## 5. Ábyrgð þjónustukaupa

Ef vefumferð á að vera persónugreinanleg þá ber þjónustukaupi ábyrgð á að upplýsa eigin notendur um slíkt skv. 20. gr. laga nr. 77/2000. Þjónustukaupa ber að kynna sér og fylgja leiðbeiningum Persónuverndar varðandi eftirlit með netnotkun, sjá leiðbeiningar: <http://www.personuvernd.is/media/frettir/1001.pdf>.

Þjónustusali mun ekki afhenda gögn um persónugreinanlega vefumferð nema þjónustukaupi sýni fram á að hann hafi sannanlega uppfyllt fræðsluskilyldu sína skv. 20. gr. laga nr. 77/2000.

## 6. Takmörkun ábyrgðar

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á afleiðingum sem rekja má til þess að ekki hafi verið hægt að sinna þjónustu svo fremi

sem hægt sé að sýna fram á að það megi rekja til óviðráðanlegra eða ófyrirséðra orsaka (force majeure) t.d. viðskiptahamla, flutningsskaða, eldsvoða, verkfalla eða farsóttar.

Þjónustusali ber í engu tilviki ábyrgð á neins konar óbeinu eða afleiðdu tjóni þar á meðal glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna gagnataps, né skaða sem rekja má til breytinga á veituspennu eða rafmagnstruflana og annarra utanaðkomandi áfalla sem þjónustan verður fyrir. Þjónustusali er ekki bótaskyldur vegna tjóns sem er afleiðing rangrar notkunar þjónustukaupa eða þriðja aðila á kerfinu, né vegna galla eða bilunar í hug- eða vélbúnaði.

## 7. Öryggismál

Þjónustusali er vottaður skv. staðlinum ISO-27001 um stjórnun upplýsingaöryggis og grundvallast því þjónustan á þeim staðli eftir því sem við á.

Þjónustukaupi telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum, að því er varðar efni sem hann leggur til í samræmi við viðauka við samning þennan og áður nefnd lög ná yfir, enda leiði ekki annan skilning af lögnum. Þjónustusali telst eftir atvikum vinnsluáðili skv. sömu lögum vegna vinnslu efnis sem þjónustukaupi leggur til skv. samningi þessum.

## 8. Aðkoma ytri aðila

Utanaðkomandi aðilar hafa ekki heimild til að tengjast inná kerfisleiguumhverfi þjónustukaupa.

## 9. Trúnaður

Allir starfsmenn þjónustusala undirrita heit um þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina þjónustusala og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, s.s. lögum um persónuvernd nr. 77/2000, fyrirmælum þjónustukaupa og eðli málsins. Þessi þagnarskylda gildir bæði meðan starfsmenn vinna samkvæmt samningi þessum og eins eftir að þeir hætta að vinna samkvæmt honum. Þjónustusali ábyrgist að starfsmenn sínir verði upplýstir um þessa ábyrgð. Á sama hátt ábyrgist þjónustukaupi þagmælsku varðandi málefni þjónustusala sem hann kann að komast að vegna framkvæmdar samnings þessa. Ákvæði um trúnað gilda áfram þótt til samningsslita eða uppsagnar komi.

## 10. Samningsform og umfang

Þjónustuskuldbindingar samkvæmt samningi þessum taka gildi frá og með þeirri dagsetningu sem greiðslur fyrir þjónustu hefjast.

Ef um mánaðargreiðslur er að ræða gildir samningurinn í 12 mánuði frá upphafi veittrar þjónustu og þar á eftir þangað til annar hvor aðili segir honum skriflega upp með 3 mánaða fyrirvara sem miðist við mánaðamót. Framsal er

## Samningsskilmálar fyrir Websense kerfisleigu

---

óheimilt nema með skriflegu samþykki gagnaðila (sjá þó ákvæði kafla um ábyrgð þjónustusala)

Frávik frá samningi þessum skulu vera skriflegar. Þær taka ekki gildi fyrr en þannig hefur verið frá þeim gengið og þær undirritaðar af báðum aðilum.

Ef um vanskil er að ræða á viðskiptareikningi þjónustukaupa hefur þjónustusali heimild til að segja upp samningi þessum fyrirvaralaust að undangenginni aðvörun. Hægt er að rifta samningnum ef um alvarlegar vanefndir annars hvors samningsaðila er að ræða. Riftunin skal studd skriflegum rökum. Ef til riftunar eða samningsslita kemur mun afnotum þjónustukaupa af kerfisleigu vera lokað frá og með riftunardegi.

### 12. Samþykki samnings

Samningsskilmálar þessir taka sjálfkrafa gildi við samþykki þjónustukaupa á tilboði þjónustusala fyrir þá þjónustu sem skilgreind er í þessum samningu.

### 11. Ágreiningsmál, varnarþing

Komi upp ágreiningur um framkvæmd á samningi þessum skulu tengiliðir samningsins leitast við að leysa ágreininginn með samkomulagi ef þess er einhver kostur.

Þjónustukaupi getur ávallt komið ábendingum á framfæri við gæðastjóra þjónustusala

Aðilar eru skuldbundnir til að standa við allar samningsskyldur sínar þótt ágreiningur út af samningi sé skotið til gerðardóms eða til almennra dómstóla.

Mál sem rísa vegna samnings þessa skal reka fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

## Fylgiskjal 1: Þjónustulýsing

### 1. Lýsing á samningi:

Þjónustusali lætur þjónustukaupa í té þjónustu sem nánar er lýst í 2. grein fylgiskjals þessa.

### 2. Lýsing á þjónustu:

Samningur þessi nær yfir eftirfarandi þætti:

#### 2.1. Websense hugbúnaður í kerfisleiga

##### Websense kerfisleiga innifelur eftirfarandi:

- Vistun á Websense hugbúnaðinum.
- Vöktun á miðlurum, afritun, gagnavarsla, eftirlit miðlægs kerfis og umsýslu gagna þjónustukaupa.
- Vinnu vegna aðgangsjónustu, vinnu við umsjón viðkomandi miðlara og miðlægt tækniúthverfi.
- Aðstoð vegna tengivandamála sem rekja má til miðlægs kerfis.
- Innifalin eru öll hugbúnaðarleyfi fyrir stýrikerfi og vírusvarnir á miðlurum þjónustusala
- Geymsla á gögnum í 3 mánuði. Hér er um að ræða upplýsingar um vefumferð á neti þjónustukaupa
- Afritun gagnasvæðis samkvæmt gildandi afritunaráætlun þjónustusala
- Uppsetning á þeim netum sem tilgreint er í upphafi.
- Ákvörðun um uppfærslur eru í höndum þjónustusala í samráði við hugbúnaðarframleiðendur.
- Stöðluð mánaðarleg skýrslugjöf sem veitir yfirlit yfir heildavefumferð á neti þjónustukaupa

##### Websense kerfisleiga innifelur ekki eftirfarandi:

- Notendaréttindi, allar breytingar og viðhald eru unnar af þjónustusala.
- Öll vinna sérfræðinga um vinnu sem ekki fellur undir staðlaða uppsetningu samkvæmt samning þessum.
- Endurheimt á skrár úr afritum (fyrir utan skrár sem hafa glatast vegna bilunar í búnaði þjónustusala eða fyrir mistök starfsmanna).
- Vinna við staðarnet þjónustukaupa.

#### 2.2. Lokanir á netumferð

##### Þjónustusali hefur val um að loka á eftirfarandi vefumferð:

##### Pakki 1

Lokun á síður sem innihalda barnaklám, njósnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða þá sem gætu stolið persónuupplýsingum.

##### Pakki 2

Lokun á sama og pakki 1, og auk þess síður sem innihalda klámfengið efni, upplýsingar um eiturlyf, áhættuspil, efni sem inniheldur hatur eða kynþátta fordóma, smekkleysu, ofbeldi eða ólöglegt efni.

##### Pakki 3

Lokun á sama og pakki 1 og 2, auk þess að loka fyrir leiki, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi.

##### Pakki 4

Lokun á sama og pakki 1 – 3, auk þess að loka fyrir afþreyingarsíður eins og t.d. Facebook, Myspace og bloggsíður

##### Pakki 5

Lokun á sama og pakki 1 – 4, auk þess að loka fyrir notkun á spjallforritum (MSN ofl) og aðgengi að streymi (youtube ofl.)

## 2.3. Viðbótarþjónusta

Þjónustusali býður viðskiptavininum uppá Websense vefsíuna í kerfisleigu. Þetta fyrirkomulag sparar viðskiptavininum töluverðan stofnkostnað í vélbúnaði og rekstri kerfisins. Þjónustusali annast allar breytingar í síun vefsíða fyrir viðskiptavini, þetta á við lokanir eða opnanir á einstökum síðum, skýrslur ofl.

**Viðskiptavinir geta keypt eftirtalda þjónustupakka gegn mánaðargreiðslum:**

- Fimm þjónustutilvik á mánuði
- Tíu þjónustutilvik á mánuði
- Fimmtán þjónustutilvik á mánuði